

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. júní 2013


Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um 25. mál á 142. löggjafarþingi, frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 o.fl.

Velferðarnefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 26. júní sl. leitað eftir umsögn LL um framangreint frumvarp auk umsagnar um frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning, 7. mál. LL skiluðu umsögn um 636. mál á 141. löggjafarþingi en nú er það mál lagt fram að nýju og vísast því til þeirrar umsagnar sem fylgir hjáltagt með bréfi þessu, dags. 12. apríl 2013.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar sem m.a. leiða til hækkanar á eflingar og örorkulífeyrisgreiðslum. Sú breyting sem einkum varðar lífeyrissjóðina er að tekjur úr lífeyrissjóðum skerði ekki lengur grunnlífeyri eflingar og örorkulífeyrir. LL fagna þessari breytingu enda mikilvægt að fólk sjái ávinnung af því að greiða í lífeyrissjóði. Eftir stendur þó enn tekjulægsta hópurinn sem hefur lágar greiðslur úr lífeyrissjóðum en frumvarpið varðar ekki réttindi þeirra sem fá greidda sérstaka framfærsluuppbót.

Vakin er sérstök athygli á því að í lögum um almannatryggingar er bráðabirgðaákvæði um að greiðslur örorkulífeyrir, örorkustyrks, aldurstengdrar örorkuuppbótar og tekjutryggingar lækki ekki á tímabilinu 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2013 vegna almennra hækkanar á örorkulífeyrir úr lífeyrissjóðum. Sambærilegt bráðabirgðaákvæði er í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 þar sem örorkulífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum eiga ekki að lækka vegna hækkanar á greiðslum samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Ákvæði þessi falla að óbreyttu niður um næstu áramót og vilja LL vekja athygli á mikilvægi þess að taka upp viðræður um framtíðarlausn er viðkemur víxlverkun greiðslna milli almannatrygginga annars vegar og lífeyrissjóða hins vegar.

Í frumvarpinu eru ýmis ákvæði er varða leiðbeiningar- og rannsóknarskyldu Tryggingastofnunar ríkisins og skerpir á eftirlitshlutverki stofnunarinnar. LL telja ákvæði þessi af hinu góða enda er mikilvægt að réttarstaða aðila sé skýr og að stofnunin ræki leiðbeiningarskyldu sína gagnavart almenningi. Jafnframt er afar mikilvægt að stofnunin hafi viðeigandi heimildir til að geta dregið úr bótaþvikum. Ekki hefur gefist ráðrúm í tíma til að meta hvort hér kunni að vera gengið of langt út frá sjónarmiðum er varða persónuvernd en þess má ætla að leitað sé til Persónuverndar um slík sjónarmið.

Virðingarfyllst
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Hjálagt:

1. Umsögn frá LL um 636. mál á 141. löggjafarþingi, frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning, dags. 12. apríl 2013.



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. apríl 2013

**Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um 636. mál á 141. löggjafarþingi,
frumvarp til laga um lífeyrirséttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning**

Velferðarnefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 13. mars sl. leitað eftir umsögn LL um framangreint frumvarp.


Með frumvarpinu er stefnt að endurskoðun á almannatryggingakerfinu og m.a. að einfalda kerfið en ljóst er að núverandi kerfi er afar flókið og ill skiljanlegt almenningi. Að mati LL er mjög mikilvægt að kerfið verði einfaldað og ekki er annað að sjá en að frumvarpið, verði það að lögum, nái því markmiði.

Í núverandi almannatryggingakerfi eru afar miklar tekjutengingar sem eru að mati LL ósættanlegar gagnvart lífeyrissjóðunum og almennum sparnaði einstaklinga. Aðilar sjá lítinn og oft á tíðum engan ávinnung af því að hafa lagt fyrir og greitt í lífeyrissjóð en slikt fyirkomulag vegur óhjákvæmilega að stoðum lífeyrissjóðakerfisins. Við slikt kerfi verður vart búið og því er jákvætt að með frumvarpinu er stefnt að minni tekjutengingum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að allar tegundir tekna hafi sömu áhrif á útreikning ellilífeyris almannatrygginga. Slíkt hlýtur almennt að teljast eðlilegt og sanngjarnit en þegar kemur að frjálsum viðbótarlífeyrissparnaði verður að ætla að aðrar reglur þurfi að gilda. Viðbótarlífeyrissparnaður er laus til útborgunar við 60 ára aldur sbr. 2. mgr. 11. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrirséttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Verði litið til útgreiðslu á frjálsum viðbótarlífeyrissparnaði með sama hætti og aðrar tekjur til skerðingar á útgreiðslum almannatrygginga er ljóst að með því verður innbyggður hvati til að haga útgreiðslum þannig að ekki komi til skerðingar á greiðslum almannatrygginga. Sú hugmynd að líta aðeins til vaxtatekna af séreignarsparnaði er að mati LL óframkvæmanleg þar sem að líta til þess að flutningur á milli ávöxtunarleiða og vörluaðila lífeyrissparnaðar jafnframt að líta til þess að flutningur á milli ávöxtunarleiða og vörluaðila lífeyrissparnaðar hefur verið framkvæmdur og engar skiptingar milli iðgjalda og ávöxtunar í þeim efnunum. LL hefur verið framkvæmdur og engar skiptingar milli iðgjalda og ávöxtunar í þeim efnunum. LL telja því mikilvægt að frjáls viðbótarlífeyrissparnaður verði meðhöndlaður með öðrum hætti og hafi ekki áhrif á greiðslur almannatrygginga. Aðrar reglur munu óhjákvæmilega leiða til þess að draga mun úr frjálsum sparnaði og þess að aðilar hagi útborgunum til samræmis við reglur almannatrygginga hverju sinni.

Fyrir liggur að frumvarpið tekur aðeins til ellilífeyris en LL telur mikilvægt að aðrir bótaflokkar verði jafnframt endurskoðaðir og einfaldaðir, s.s. örorkulífeyrir en þar er kerfið afar flókið og ógagnsætt með víxlverkunum.

LL styðja frumvarpið í meginþráttum en telja þó mikilvægt að endanleg yfirferð frumvarpsins verði unnin í nánu samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið þar sem undir það ráðuneyti heyrir skyldutryggingakerfi lífeyrisréttinda auk þess sem hætt er við því að hröð og aukin kostnaðarhlutdeild af hálfu ríkissins komi til með að leiða af sér síðari breytingar á lögnum sem verði til þess að „flækja“ kerfið að nýju sem striðir gegn tilgangi fyrilliggjandi frumvarps.

Virðingarfyllst
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri